

Sp.

341. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð á þýzkum rikismörkum.

Flm.: Magnús Jónsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs gagnvart Landsbanka Íslands, að bankinn biði engan skaða af kaupum þýzkra rikismarkna fyrir ísfisk, seldan í Þýzkalandi á árinu 1935.

Greinargerð.

Eftir samningum þeim, sem gerðir hafa verið við Þjóðverja, megum vér selja þeim ísfisk á yfirstandandi ári fyrir 800000 Rm. En hér er sá galli á, að seljendur fisksins fá ekki andvirði hans útborgað, heldur verða þeir að geyma það í Þýzkalandi þangað til hægt er að ráðstafa því til greiðslu á vörum, sem vér kaupum þar. Afleiðingin af þessu er sú, að andvirði fisksins verður oft að geyma langan tíma í þýzkum hönkum. Undir þessum kringumstæðum hefir Landsbankinn ekki séð sér fært að kaupa hin þýzku mörk þannig, að hann greiði þau eigendum þegar í stað, því að með því móti mundi hankinn taka á sig ábyrgð á mögulegu gengisfalli marksins. Eigendur þessa fjár verða því bæði að fara á mis við það, að eiga fé sitt þegar í stað til ráðstöfunar, og auk þess bera alla áhættuna, sem því fylgir að geyma mörkin í Þýzkalandi.

Í þessu sambandi verður að athuga það, að ísfiskssalan í Þýzkalandi má heita algerlega fundið fé. Sá fiskur, sem þar er seldur, dregur á engan hátt frá markaðsmöguleikum annarsstaðar. Þó að áðurnefndir annmarkar séu á þessari verzlun, nær samt engri átt, að ríkisvaldið horfi á það aðgerðarlaust, að siglingar með ísfisk til Þýzkalands leggist niður, eins og getur legið við borð, ef ekki eru gerðar ráðstafanir í þá átt, sem tillagan fer fram á. Mundi það verða til mikils tjóns fyrir útgerðina og þjóðfélagið og orsaka aukið atvinnuleysi.

Loks ber að hafa það í huga, að ef eigendur ríkismarkanna mættu ráðstafa þeim til vörukaupa eftir vild, þá væri ekki nema eðlilegt, að þeir bæru og áhættuna á geymslu þeirra, þar til þeir ráðstöfuðu þeim. En þessu er alls ekki að heilsa. Hið íslenska ríkisvald tekur af þeim ráðin um þetta með innflutnings- og gjaldeyrishömlum. En með þessu virðist þó ekki nema sanngjarnt, að ríkið taki einnig á sig þá áhættu, sem beinlínis stafar af þessum ráðstöfunum.